

12. janúar 2010

## Fréttatilkynning frá Capacent

Nánari upplýsingar: Ingvi Þór Elliðason forstjóri  
Sími: 4501000 / 8995719

### Breytingar hjá Capacent

Nokkrar breytingar urðu um áramótin hjá Capacent á Íslandi. Þessar breytingar eru liður í að efla stöðu Capacent enn frekar sem leiðandi þekkingarfyrirtæki, en hjá Capacent starfa um 500 sérfræðingar, þar af rúmlega hundrað sérfræðingar hér á landi.

Styrkur Capacent felst í því að flétta saman víðtækri þekkingu á sviði reksturs og stjórnunar við hagnýta reynslu af íslensku atvinnulífi og umhverfi.

Capacent er leiðandi á þremur sviðum; ráðgjöf, rannsóknum og ráðningum. Með samþættingu þessara sérsviða getur Capacent boðið fjölbreyttar og sérsniðnar lausnir í þágu viðskiptavina jafnt í einkageiranum sem hjá hinu opinbera.

**Ægir Már Þórisson** hefur tekið við starfi framkvæmdastjóra ráðgjafarsviðs af Ingva Þór Elliðasyni, sem hefur sinnt því starfi samhliða starfi sínu sem forstjóri Capacent á Íslandi. Ægir er BA í sálfræði frá Háskóla Íslands og Cand.Psych í vinnusálfræði frá sama skóla. Hann hefur starfað hjá Capacent frá 2001, fyrst sem ráðgjafi og sem mannauðsstjóri frá árinu 2005. Ægir er giftur Belindu Davíðsdóttur Chenery og eiga þau þrjú börn.



**Arnar Jónsson** hefur hafið störf sem stjórnsluráðgjafi hjá Capacent. Arnar mun taka þátt í að þróa og útfæra þjónustu Capacent fyrir opinbera aðila. Tilgangur þess er að mæta enn betur þeim kröfum og þörfum sem leiða af breyttu umhverfi opinbers rekstrar hérlendis. Arnar er BA í stjórnmálafræði frá Háskóla Íslands og með MA-gráðu í stjórnsýslufræðum frá Birmingham-háskóla. Hann starfaði sem stjórnsluráðgjafi hjá ParX frá stofnun þess fyrirtækis en hóf störf við ráðgjöf hjá PricewaterhouseCoopers árið 1998. Arnar var fagstjóri stjórnsluráðgjafar frá árinu 2000 og partner frá árinu 2006. Hann var sérfræðingur á fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins frá 1995-1998. Arnar er giftur Önnu Sif Jónsdóttur og eiga þau þrjú börn.



**Brynja Bragadóttir** hefur hafið störf á rannsóknasviði Capacent þar sem hún mun sjá um mótun vinnustaðarannsókna, stjórnun rannsóknarverkefna, ráðgjöf og þróun rannsóknalausna. Brynja er með MSc-gráðu í heilsufræði frá Kent-háskóla í Bretlandi og doktor (PhD) í vinnu- og heilsusálfræði frá sama skóla. Hún hefur stundað margvíslegar rannsóknir á sviði vinnu- og heilsusálfræði og sinnt kennslu á háskólastigi, bæði á sviði sálfræði og mannauðsstjórnunar. Hún starfaði sem ráðgjafi á sviði mannauðsmála hjá ParX frá 2004 – 2010, nú síðast sem fagstjóri rannsókna- og greiningasviðs ParX. Brynja er gift Ragnari Kristinssyni og eiga þau tvö börn.



**Brynjólfur Borgar Jónsson** hefur hafið störf sem ráðgjafi hjá Capacent. Brynjólfur fæst við sérhæfðar tölfraðilegar greiningar, einkum í sölu- og markaðsmálum. Brynjólfur er BA í sálfræði frá Háskóla Íslands og með MSc-gráðu í tölfraði og aðgerðarannsóknum frá University of the West of England í Bristol. Hann starfaði sem auglýsingaráðgjafi hjá Morgunblaðinu 1998-2000, sem markaðsrannsóknastjóri hjá Norðurljósum 2000-2002, við greiningu og rannsóknir hjá Arkenford Ltd í Bretlandi 2004-2005 og við greiningu á viðskiptabankasviði Landsbankans 2006-2009. Brynjólfur er giftur Maríu Reynisdóttur og eiga þau eitt barn.



**Steingrímur Sigurgeirsson** hefur hafið störf sem sérfræðingur á sviði samskipta og kynninga. Steingrímur starfaði um árabíl sem blaðamaður og fréttastjóri á Morgunblaðinu og var aðstoðarmaður menntamálaráðherra 2004-2009. Hann er BA í stjórn málafræði frá Háskóla Íslands og með MPA-gráðu í stjórnsýslu frá Harvard Kennedy School. Steingrímur er giftur Maríu Guðmundsdóttur og eiga þau þrjú börn.



**Vilborg Helga Harðardóttir** hefur hafið störf sem sviðsstjóri á rannsóknarsviði Capacent. Vilborg er BA í sálfræði frá Háskóla Íslands. Hún starfaði hjá Gallup frá 2001-2006 og í fjárstýringu hjá Straumi-Burðarási frá 2006-2009. Vilborg er gift Davíð Haukssyni og eiga þau tvö börn.

